

Nd.

644. Frumvarp til laga

[3. mál]

um Þjóðhagsstofnun og breyting á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. apríl.)

1. gr.

Fela skal sérstakri stofnun að fylgjast með árferði og afkömu þjóðarbúsins, vinna að hagrannsóknnum og vera ríkisstjórn og Alþingi til ráðuneytis í efnahagsmálum.

Stofnunin nefnist Þjóðhagsstofnun og heyrir undir forsætisráðherra, sem skipar forstjóra hennar, er nefnist hagrannsóknastjóri.

2. gr.

Meðal verkefna Þjóðhagsstofnunarinnar eru þessi:

- 1) Að færa þjóðhagsreikninga.
- 2) Að semja þjóðhagsspár og -áætlanir.
- 3) Að semja og birta opinberlega tvisvar á ári, vor og haust, yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum, þar á meðal um framleiðslu, neyzlu, fjárfestingu, viðskipta- og greiðsluþöfnuð, verðlag og kaupgjald, atvinnu og tekjur almennings, afkömu atvinnuvega og fjármál hins opinbera. Auk þess skal stofnunin koma niðurstöðum athugana sinna á einstökum þáttum efnahagsmála fyrir almennings sjónir, eftir því sem kostur er.
- 4) Að annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð um efnahagsmál fyrir ríkisstjórnina og alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála, eftir því sem ríkisstjórnin ákveður, og fyrir Seðlabanka Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins, eftir því sem um semst.
- 5) Að láta alþingismönnum og nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál.
- 6) Að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir, eftir því sem um semst.

3. gr.

Skýlt er að veita Þjóðhagsstofnuninni þær upplýsingar, er hún óskar eftir og þarf á að halda vegna starfsemi sinnar. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands, og sömu viðurlög liggja við, ef út af er brugðið.

Byggingarnefndir og oddvitar senda Þjóðhagsstofnun skýrslur um byggingarframkvæmdir í umdæmum sínum. Heimilt er að ákveða, að þessar skýrslur nái einnig til umsókna um byggingarleyfi og veittra byggingarleyfa.

Stofnunin skal hafa samráð við Hagstofu Íslands og aðra aðila, sem hliðstæðum upplýsingum safna, í því skyni að komast hjá tvíverknaði.

4. gr.

Þjóðhagsstofnunin og starfsmenn hennar annast úrlausn þeirra verkefna, sem Efnahagsstofnuninni og starfsmönnum hennar eru falin í lögum nr. 60/1964, um breyting á lögum nr. 97/1961, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun, lögum nr. 60/1965, um Laxárvirkjun, og orkulögum, nr. 58/1967.

5. gr.

Ríkissjóður og Seðlabanki Íslands greiða í sameiningu kostnað af starfsemi Þjóðhagsstofnunarinnar. Skulu þeir gera með sér samning um fjármál stofnunarinnar.

6. gr.

II. kafli laga nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, falli niður svo og önnur málsgrein 38. gr. sömu laga og önnur ákvæði þeirra, er varða hagrannsóknadeild og starfsemi hennar.

7. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga og starfsemi Þjóðhagsstofnunarinnar má setja með reglugerð.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.